

Skrifstofa borgarstjórnar  
Ráðhúsi Reykjavíkur

Reykjavík, 19. desember 2022  
MSS22110131

### Umsögn um endurupptökubeiðni vegna lóðar fyrir smáhýsi í Laugardal

Vísað er til erindis frá skrifstofu borgarstjórnar, dags. 23. nóvember 2022, þar sem óskað er umsagnar velferðarsviðs Reykjavíkurborgar vegna endurupptökubeiðni, dags. 16. nóvember 2022, varðandi samþykkt borgarráðs frá 7. október 2021 vegna lóðar fyrir smáhýsi.

Í endurupptökubeiðninni er vísað til þess að verulegir annmarkar hafi verið á málsmeðferð hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar þegar ákvörðun var tekin um að staðsetja smáhýsi fyrir heimilislaust fólk í Laugardal. Vísað er til þess að velferðarsvið hafi ekki svarað erindi umboðsmanns barna, dags. 28. október 2021. Erindið barst skrifstofu borgarstjórnar sem framsendi erindið til velferðarsviðs þann 29. nóvember 2021.

Í erindi umboðsmanns barna er vísað til þess að embættinu hafi borist ábendingar frá foreldrum varðandi staðsetningu smáhýsa fyrir heimilislausu í nálægð við íþrótt- og tómstundastarf barna. Af hálfu umboðsmanns barna er áréttað að áður en ákvarðanir eru teknar á vettvangi borgarinnar, eins og t.d. um skipulagsmál, beri ávallt á fyrstu stigum að leggja sérstakt mat á áhrif ákvarðana þar að lútandi á börn. Slíkt mat sé liður í því að kanna hvort ákvörðunin samræmist 3. gr. Barnasáttmálans, samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem kveður á um að það sem börnum er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar gerðar eru ráðstafanir sem varða börn.

Þá kemur fram í erindi umboðsmanns barna að með því sé ekki verið að taka afstöðu til þess hvort tiltekin fyrirhuguð staðsetning smáhýsa sé heppileg heldur sé tilgangurinn að vekja athygli borgaryfirvalda á framangreindri skyldu sem á þeim hvílir samkvæmt ákvæðum Barnasáttmálans. Ljóst var að um væri að ræða ábendingu frá umboðsmanni barna en embættið væri ekki að óska eftir svári við erindinu frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar enda hafði erindinu þegar verið svarað af hálfu Reykjavíkurborgar.

Varðandi kröfu um endurupptöku vill velferðarsvið taka fram að málið er varðar breytingu á deiliskipulagi vegna smáhýsa í Laugardal var unnið á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar eftir þeim reglum sem um það gilda. Í því ferli komu fram athugasemdir og ábendingar, m.a. er varða sömu sjónarmið og umboðsmaður barna setur fram í erindi sínu sem og endurupptökubeiðandi. Farið var yfir allar athugasemdir og þeim svarað af hálfu umhverfis- og skipulagssviðs, að höfðu samráði við velferðarsvið, áður en komist var að niðurstöðu í málinu. Afstaða var tekin til sjónarmiða um nálægð við Húsdýragarð, útivistarsvæði og íþróttamannvirki í ferlinu með hliðsjón af öryggi barna og annarra íbúa. Sjá nánar meðfylgjandi athugasemdir og svör umhverfis- og skipulagssviðs dags. 22. september 2021.



Reykjavíkurborg

Velferðarsvið vill jafnframt benda á að smáhúsunum hefur ekki enn verið úthlutað til íbúa en sérstakt húsnæðisteymi annast úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis. Þegar kemur að þeirri úthlutun er m.a. horft til öryggissjónarmiða s.s. til þess að öryggi barna eða annarra íbúa verði ekki ógnað.

Velferðarsvið getur með vísan til framangreinds ekki tekið undir þá staðhæfingu endurupptökubeiðanda að verulegir annmarkar hafi verið á meðferð hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar þegar ákvörðun var tekin um að staðsetja fimm smáhýsi fyrir heimilislaust fólk með miklar og flóknar þjónustufarir í Laugardalnum.

Virðingarfyllt,

f.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,

Rannveig Einarsdóttir,  
sviðsstjóri